

Drög að samþykktum fyrir Félag timburmanna? Nafnið hefur ekki verið ákveðið

1. **Nafn:** Heiti félagsins skal vera Félag Timburmanna?
2. **Rekstrarform:** Félagið skal vera óflokksbundið hagsmunafélag.
3. **Starfssvæði á Íslandi:** Aðsetur félagsins og skráð skrifstofa skal vera á Mógilsá.
4. **Markmið:** Félag Timburmanna á Ísland skulu:
 - vinna að því að efla og þróa umhverfi lítilla sögunarmylla og viðarframleiðenda. Þetta á að gera með því að standa fyrir og koma á framfæri sameiginlegum hagsmunum félagsmanna.
 - vinna að aukinni viðarnotkun og varðveislu gamallar þekkingar um timbur og viðarnotkun.
 - stuðla að þróun nýrra viðarafurða og framleiðsluaðferðum minni sögunaraðila.
 - vinna að aukinni miðlun þekkingar og mikilli hæfni meðal aðildarfélaga og umheimsins.
 - stuðla að samvinnu í viðskiptum. Félagið sjálft á þó ekki taka virkan þátt í viðskiptum heldur stuðla að nýjum verkefnum sem eru fjármöggnuð bæði innanlands eða erlendis frá.
5. **Félagsgjald**
 - Félagsmaður sem greiðir félagsgjald inn á reikning félagsins á tilsettum tíma telst réttkjörinn. Árgjaldið er ákveðið árlega á aðalfundi.
 - Félagsmaður getur verið einstaklingur eða lögaðili.
 - Félagið hefur rétt til að tilnefna heiðursfélaga.
6. **Uppsögn aðildar:**
 - Félagsaðild fellur niður ef gjald er ekki greitt fyrir þann dag sem fundur ákveður.
 - Félagsmaður sem brýtur gegn samþykktum félagsins eða vinnur gegn hagsmunum félagsins getur verið rekinn með ákvörðun stjórnar. Greidd gjöld eru ekki endurgreidd.
7. **Kosningaréttur:** Á aðalfundi hefur hver viðstaddur eitt atkvæði. Atkvæðagreiðsla með umboði er þó heimil en að hámarki 1/3 það er þriðjungur af heildarfjölda atkvæða á fundinum.
8. **Samsetning og kjörtímabil stjórnar**
 - Á aðalfundinum er kosinn formaður og stjórn skipuð fimm (5) mönnum og tveimur (2) varamönnum. Í kosningunum skal stefnt að góðri landsbyggðardreifingu. Kjörtímabil formanns skal vera eitt ár og annarra stjórnarmanna að hámarki tvö (2) ár.
 - Stjórnin ætti að hittast að minnsta kosti þrisvar (3) sinnum á ári. Stjórnarfundir geta farið fram á fundarstað en einnig geta stjórnarmenn tekið þátt á símafundum eða með stafrænum hætti. Fundarboð þarf að berast a.m.k. 10 dögum fyrir áætlaðan dag.
9. **Ákvarðanataka innan stjórnar**
 - Stjórnin skipar varaformann, gjaldkera og ritara úr hópi félagsmanna. Stjórnin fundar í boði formanns. Telji a.m.k. 1/3 stjórnarmanna að mál krefjist stjórnarfundar skal slíkur fundur haldinn eins fljótt og auðið er.
 - Stjórnin er ákvörðunarhæf ef 2/3 hlutar stjórnar er til staðar. Allar ákvarðanir geta verið teknar með einföldum meirihluta. Stjórnarfundir skulu skráðir og tilkynntir öllum stjórnarmönnum.
10. **Stjórnarþóknun og endurgreiðslur kostnaðar**

Aðalfundur ákveður upphæð þóknunar og kostnaðarendurgreiðslur til stjórnarmanna og annarra félagsmanna. Við ákvörðun gjalda þarf að taka tillit til ábyrgðar, tímanotkunar og truflana á reglubundnu starfi.

11. Undirritun ársreiknings

Ársreikningur félagsins er undirritaður af stjórnarformanni og gjaldkera. Að auki getur stjórn félagsins ákveðið réttmætan fjölda aðila til að skrifa undir fyrir félagið.

12. Endurskoðendur

Á aðalfundinum eru kjörnir tveir (2) skoðunarmenn og einn varamaður

13. Tilnefningarnefnd

Á aðalfundinum er kosin 3-7 manna tilnefningarnefnd og er einn þeirra skipaður fundarstjóri. Auk þess er hægt að kjósa 1-3 varamenn. Í kosningunum skal leitast við landsbyggðardreifingu.

14. Aðalfundur

Aðalfundurinn er haldinn á tímabilinu 1. mars – 30. apríl. Tilkynningu þarf að senda með a.m.k. fjögurra (4) vikna fyrirvara til allra félagsmanna. Eftirfarandi atriði skulu æskileg:

- Kosning fundarstjóra
- Kosning ritara fundarins
- Spurning hvort boðun hafi verið í samræmi við lög
- Samþykkt atkvæðaskrár (fjöldi félagsmanna)
- Ársreikningur og skýrsla stjórnar
- Borinn upp ársreikningur fyrir liðið reikningsár
- Ákvörðun félagsgjalds
- Kosning formanns
- Kosning stjórnarmanna og varamanna
- Kosning skoðunarmanns og varaskoðunarmanns
- Kosning tilnefningarnefndar og varamanna
- Mál sem stjórnin hefur frestað til ársfundar
- Önnur mál

16. Aukaaðalfundur

- Aukaaðalfundur getur farið fram ef aðstæður krefjast þess. Gildar ástæður geta legið að baki sem stjórnin telur að aðalfundur þurfi að taka ákvörðun um en eru svo brýn að þau geta ekki beðið til aðalfundar. Í slíkum tilvikum ákveður stjórn félagsins hvort halda skuli aukaaðalfund.
- Á aukaaðalfundi er ekki heimilt að taka ákvarðanir um mál sem ekki koma fram í boðun.
- Einnig má halda aukafund ef vantrauststillaga hefur borist. Í þessu tilviki þarf að minnsta kosti 10% félagsmanna að styðja vantrauststillöguna. Stjórn félagsins er einnig heimilt að boða til aukaaðalfundar vegna vantrauststillögu.

17. Breyting á lögum

Til breytinga á samþykktum þessum er þess krafist að ákvörðun þess efnis sé tekin á tveimur samfelldum aðalfundum, þar af a.m.k. einum reglulegum aðalfundi. Síðarnefnda fundinn má halda eigi fyrr en mánuði eftir þann fyrri.

18. Slit félagsins

- Um slit félagsins gilda sömu reglur og um breytingar á samþykktum (17. gr.)